

Samningur við Hafnarfjarðarleikhúsið Hermóð og Háðvöru

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, og Hilmar Jónsson, leikhússtjóri Hafnarfjarðarleikhússins Hermóðs og Háðvarar, undirrituðu þann 21. janúar s.l. samning um stuðning við starfsemi Hafnarfjarðarleikhússins Hermóðs og Háðvarar.

Samningurinn gildir til fimm ára frá 21. janúar 2005 til 31. desember 2009 og leysir af hólmi samning sem gerður var árið 2000.

[Hafnarfjarðarleikhúsið](#) Hermóður og

Háðvör hefur um árabíl verið áberandi í íslensku leikhúslífi. Leikhúsið fékk fyrst styrk á árinu 1995 frá menntamálaráðuneytinu samkvæmt tillögu úthlutunarnefndar Leiklistarráðs til uppsetningar á verki Árna Ibsen, Himnaríki, sem fékk góðar viðtökur jafnt áhorfenda sem gagnrýnenda. Ári síðar var gerður tveggja ára starfssamningur við leikhúsið sem endurnýjaður var árið 1998.

Á starfsferli sínum hefur Hafnarfjarðarleikhúsið Hermóður og Háðvör skapað sér nafn sem framsækið leikhús og hlotið ýmsar viðurkenningar, verið boðið á leiklistarhátíðir víða um

Evrópu og fengið lof fyrir listrænan metnað og frumleika.

Með samningnum tekur [Hafnarfjarðarleikhúsið](#) Hermóður og Háðvör að sér að annast atvinnuleiklistar- og menningarstarfsemi í Hafnarfirði með því að setja upp a.m.k. 2-3 leiksyningar á ári, auk þess sem það skal í starfi sínu leitast við að efla hafnfirskt menningarlíf, m.a. með samstarfi við aðrar menningarstofnanir.

[Samninginn](#) er að finna á vef menntamálaráðuneytis, [menntamálaráðuneyti.is](#)

Dagsetningar samræmdra stúdentsprófa 2005

Samræmd stúdentspróf í íslensku, ensku og stærðfræði verða haldin í maí og desember 2005, sbr. reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprófa í framhaldsskólum nr. [196/2003](#) og lög um framhaldsskóla nr. [80/1996](#). Einnig er vísað til bréfs menntamálaráðherra til skólameistara og skólanefnda framhaldsskóla, dags. 7. maí 2003, þar sem tilkynnt er að í maí 2005 verði í fyrsta skipti haldin stúdentspróf í þremur námsgreinum, íslensku, ensku og stærðfræði.

Samræmd stúdentspróf eru hluti af skilgreindum námslokum til stúdentsprófs og er nemendum sem útskrifast frá og með árinu 2005 skylt að þreyta samræmd stúdentspróf í tveimur námsgreinum.

Prófdagar á vormisseri 2005 verða sem hér segir:

Íslenska mánudagur 2. maí
kl. 9:00 -12:00

Enska þriðjudagur 3. maí
kl. 9:00-12:00

Stærðfræði miðvikudagur 4. maí
kl. 9:00-12:00.

Í öllum prófunum er gert ráð fyrir viðbótartíma til kl. 12:45.

Nánari upplýsingar má nálgast á vef ráðuneytisins, [menntamalaraduneyti.is](#).

Menntamálaráðherra á MIDEM



Menntamálaráðherra í íslenska básnum á MIDEM ásamt fulltrúum Íslands á sýningunni

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sótti í vikunni tónlistarkaupstefnuna [MIDEM](#) sem haldin var í Cannes í Frakklandi. MIDEM er umfangsmesta kaupstefna sinnar tegundar og sækja hana um tíu þúsund manns. Margt er um að vera í tengslum við hana og áttu meðal annars menningarmálaráðherrar Evrópusambandsins fund í Cannes í tengslum við ráðstefnuna. Öll helstu útgáfufyrirtæki Íslands sóttu ráðstefnuna og voru Íslendingar nú annað árið í röð með sameiginlegan bás á sýningunni á vegum [Útflutningsráðs](#). Einnig sóttu fulltrúar frá Samtóni og Tónverkamiðstöðinni sýninguna.

“Það var mjög fróðlegt að kynnast því góða starfi sem þarna fer fram og hversu náíð og vel íslensku þátttakendurnir störfuðu saman. Þó svo að menn séu í samkeppni á heimamarkaði þá leggjast allir á eitt til að tryggja framgang íslenskrar tónlistar,” segir Þorgerður Katrín menntamálaráðherra.

Styrkir úr Þróunarsjóði leikskóla 2005

Menntamálaráðuneytið hefur auglýst eftir umsóknum í [Þróunarsjóð leikskóla](#) fyrir árið 2005. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að þróunarverkefnum í leikskólum með hlíðsjón af aðalnámskrá leikskóla. Við úthlutun njóta verkefni á neðangreindum sviðum forgangs að öðru jöfnu:

- A. Starf með yngri börnum í leikskóla**
- B. Lýðræði í leikskólastarfi**
- C. Önnur verkefni**

Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands annast umsýslu með sjóðnum og veitir nánari upplýsingar. Reglur um sjóðinn og ýmsar aðrar upplýsingar er einnig að finna á vef menntamála ráðuneytis [menntamalaraduneyti.is](#)

Leiðrétting

Í síðasta vefriti MRN var sagt frá fundi ráðherra og SAMSTARFS 18. jan. sl.

Í fyrirsögn sagði að nefndin héti samstarfsnefnd starfsgreinaráðanna en hið rétta er að hún heitir samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi. Þessu til viðbótar er rétt að geta þess að VSÍ og Vinnuálagssamband samvinnufélaganna sem tilgreind eru sem tilnefningaraðilar sameinuðust undir hatti Samtaka atvinnulífsins enda þótt lagaákvæði laga hafi ekki verið breytt því til samræmis.

